

Nd.

212. Nefndarálit

[88. mál]

um frv. til laga um söluskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisstjórnin flytur þetta frv. Í því eru ákvæði um mikla hækkun á söluskatti, bæði af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum.

Í stað þess söluskatts, sem nú er innheimtur af þjónustu og innlendum iðnaðarvarningi, er ætlunin samkv. frumvarpinu að lögfesta miklu viðtækari söluskatt á innanlandsviðskipti. Segir svo um þennan skatt í 2. gr. frv.:

„Af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu skal greiða 3% söluskatt, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.“

Þá segir einnig í frv., að á þessu ári skuli söluskattur af innfluttum vörum, sem innheimtur er við tollmeðferð þeirra, hækka um meira en helming. Skattur þessi á að verða 16.5% af tollverði innflutningsins í stað 7.7% áður. Þessi hækkun kemur mjög á óvart, því að í athugasemdum með fjárlagafrumvarpinu, sem stjórnin lagði fyrir þingið 28. jan. s. l., var sagt, að ekki væri áformað að breyta núgildandi söluskatti á innflutningi.

Hækkunin á söluskatti veldur að sjálfsögðu mikilli vöruverðshækkun til viðbótar þeim gífurlegu verðhækkunum, sem nú eru að koma fram vegna gengisbreytingarinnar. Skatturinn leggst á svo að segja allar neytluvörur og annað, sem menn kaupa til daglegra þarfa. Hann kemur einnig á efnivörur til framkvæmda og á flest það, sem kaupa þarf til framleiðslustarfseminnar.

Hér skulu nefnd dæmi um verðhækkanir á þremur tegundum byggingarefnis, timbri, steypustyrktarjárnri og þakjárnri, sem orsakast af gengisbreytingunni og söluskattshækkuninni. Er tilfærð hækkunin, sem verður á útsöluverði á þessum vörum, ef frv. þetta verður samþykkt.

Timbur.

Vegna gengisbreytingar	42.95%
Vegna hækkunar söluskatts	14.12%
	<hr/>
Verðhækkun alls	57.07%

Þakjárn.

Vegna gengisbreytingar	42.48%
Vegna hækkunar söluskatts	14.2%
	<hr/>
Verðhækkun alls	56,68%

Steypustyrktarjárn.

Vegna gengisbreytingar	38.52%
Vegna hækkunar söluskatts	13.74%
	<hr/>
Verðhækkun alls	52.26%

Af þeim fáu dæmum, sem hér eru nefnd, má fá nokkra hugmynd um þá miklu erfiðleika, sem nú mæta öllum þeim, er þurfa að ráðast í byggingarframkvæmdir.

Til þess að sýna, hver áhrif þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera, hafa á verð véla til atvinnurekstrar, skal hér nefnt dæmi um verðhækkun á dráttarvélum.

Dráttarvél, sem kostaði kr. 52 200.00 í janúar s. l., kostar nú eftir gengisbreytinguna kr. 77 414.00. Verði frv. þetta samþykkt hækkar vélin upp í kr. 85 765.00.

Sömu sögu eða mjög svipaða er að segja af verðhækkunum á öðrum vélum og tækjum til atvinnurekstrar, og verður nú mörgum örðugt og jafnvel ókleift að eignast slík tæki, þótt þeirra sé brýn þörf.

Hækkunin á söluskattinum samkv. þessu frv. mun nema það mikilli upphæð, að nægt hefði til að jafna halla hjá útflutningssjóði og ríkissjóði. Hefði því með jafnmikilli tekjuöflun, sem mátti ná með fyrirhafnarminni og heppilegri aðferðum, verið hægt að tryggja framleiðslustarfsemina og hallalausan ríkisrekstur án gengisbreytingar. En nú er það ætlun ríkisstjórnarinnar að demba söluskattshækkuninni yfir landsmenn í ofanálag á allar verðhækkanirnar, sem gengisbreytingin veldur.

Með ráðstöfunum sínum í efnahagsmálum, en þetta frv. er einn þáttur þeirra, er ríkisstjórnin og hennar stuðningslið að leggja á allan þorra landsmanna margfalt meiri byrðar en nauðsyn krefur.

Þessar aðfarir eru því aðeins skiljanlegar, að menn geri sér ljóst, að tilgangurinn með þeim er sá að leiða íhaldsstefnuna til öndvegis í Þjóðfélaginu. Síðan Íhaldsflokkurinn beið ósigur í alþingiskosningunum 1927, hefur arftaki hans, Sjálfstæðisflokkurinn, ekki haft bolmagn til þess að koma fram þessu áhugamáli sínu fyrr en nú.

Breytingin á kjördæmaskipuninni s. l. ár var knúin fram til þess að ryðja íhaldsstefnunni braut. Sú bylting nægði þó ekki Sjálfstæðisflokknum til þess, að hann gæti hjálparlaust komið fram stefnu sinni. En hann átti hark í horni. Það er Alþýðuflokkurinn. Hann hefur fleygt sinni gömlu stefnuskrá og gengið til liðs við Sjálfstæðisflokkinn. Enn eru þó ekki liðnir 5 mánuðir, síðan alþingiskosningar fóru fram, en í þeim kosningum lofuðu frambjóðendur Alþýðuflokksins að beita sér gegn dýrtíðaraukningu og gegn nýjum álögum á almenning. Og þeir fengu atkvæði margra manna út á þessi fyrirheit.

„Fátæktin var mín fylgjukona,“ kvað séra Jón á Bægisá í hjónaversi sínu árið 1812. Hún fylgdi fleirum en honum á þeirri tíð. Hún var lengi fylgjukona fjölda manna hér á landi, og illa gekk þeim að reka hana af höndum sér. Það er fyrst á þessari öld og þá sérstaklega á síðustu áratugum, sem hún hefur þokað úr sæti. Framfarirnar hafa hrakið hana á flóttu. En með aðgerðum núverandi ríkisstjórnar og stuðningsflokka hennar er stefnt að því að leiða þessa gömlu og hvimleiðu fylgjukonu aftur fram á sjónarsviðið og setja hana í húsmóðursæti á fjölda heimila um land allt.

Svo langt er gengið í þá átt að þrengja kosti manna, að ung hjón, þótt fullfrísk séu og vel vinnandi, geti ekki aðstoðarlaust, að dómi stjórnarflokkanna, alið upp eitt barn, hvað þá fleiri.

Það verður kostnaðarsamt að ná þeim skatti, sem samkv. þessu frv. á að leggja á alls konar viðskipti manna innanlands, með fáum undantekningum. Eftirlit með framtölum, álagning skattsins og innheimta kostar mikla vinnu og þar með mikil útgjöld. Og þó verða þar vafalaust miklar vanheimtur. Um þetta og fleiri atriði málsins vil ég vísa til þess, er segir í nefndaráliti á þingskjali 176, sem Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurlandskjördæmis eystra, gaf út í efri deild.

Eins og áður segir, er frv. þetta einn þáttur í efnahagsráðstöfunum stjórnarflokkanna, sem ég tel óheillavænlegar. Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. marz 1960.

Skúli Guðmundsson.